

Minnisblað sveitarstjóra v/ársreiknings 2023

Kynnt á 245. fundi sveitarstjórnar við seinni umræðu 11. apríl 2024

Á 244. fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar, sem haldinn var þann 19. mars sl., var ársreikningur vegna ársins 2023 tekinn til fyrri umræðu og eftirfarandi bókað:

„Rekstrartekjur Dalabyggðar á árinu 2023 námu 1.473 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 1.123 millj. kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,74% sem er lögbundið hámark. Álagningahlutfall fasteignaskatts nam 0,50% í A-flokk sem er lögbundið hámark, í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hlutfall. Í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,50% en lögbundið hámark þess er 1,32%. Sveitarstjórnir hafa heimild til að hækka álagningarhlutfall í A og C-flokki um allt að 25% umfram framangreind hámark.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 107 millj. kr., en rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 48 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2023 nam 1.034 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 921 millj. kr.“*

*(*misritað var í fundargerð fundar nr. 244 að eigið fé hefði verið 1.017 millj.kr.)*

Ekki hafa neinar breytingar orðið á ársreikningnum á milli umræðna.

Það má segja að niðurstaða ársreiknings Dalabyggðar fyrir árið 2023 sé viðunandi. m.v. aðstæður. Rekstrarniðurstaða A hluta er jákvæð um sem nemur 48,1 millj.kr. á móti áætluðum afgangi upp á 1,0 millj.kr. og rekstrarniðurstaða A og B hluta er jákvæð um sem nemur 106,7 millj.kr. en áætlun með viðaukum gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu upp á 63,1 millj.kr. og er því niðurstaðan 69,4% yfir áætlun. Breyting rauntalna í rekstrarniðurstöðu A og B hluta á milli árána 2022 og 2023 er jákvæð um 120 millj.kr.

Laun og launatengd gjöld í A hluta á árinu 2023 voru 487,9 millj.kr. á móti áætlun með viðaukum upp á 487,7 millj.kr. þannig að rauntölur eru á pari við áætlun. Breyting rauntalna á milli árána 2022 og 2023 er til hækkunar sem nemur 3,0% í A hluta.

Laun samtals í A+B á árinu 2023 voru 659,9 millj.kr. á móti áætlun með viðaukum upp á 664,0 millj.kr. eða 0,6% undir áætlun. Breyting rauntalna á milli árána 2022 og 2023 er til hækkunar sem nemur 3,4% í A+B hluta. Launahlutfall á árinu 2023 var 45,0%, var 55,3% árið 2022.

Heildarfjöldi starfsmanna í árslok 2023 var 72 á móti 85 í árslok 2022. Ársverk á árinu 2023 voru 50 á móti 52 á árinu 2022.

Lífeyrisskuldbinding hækkaði á milli ára, gert var ráð fyrir 10 millj.kr. hækkun en raunin varð 47,9 millj.kr., þar af vegna viðbótarframlags til Brúar lífeyrissjóðs upp á kr. 18,3 millj.kr., hefur það verulega áhrif á rekstrarniðurstöðu ársins nú eins og fyrri ár þær breytingar sem verða endurtekið á lífeyrisskuldbindingum.

Annar rekstrarkostnaður í A+B var 593,5 millj.kr. á árinu 2023 á móti áætlun með viðaukum upp á 741,6 millj.kr. eða 20,0% undir áætlun. Breyting á rauntölum á milli ára er til hækkunar sem nemur 43,4%. Hlutfall annars rekstrarkostnaðar er 40,2% á árinu 2023 í samanburði við 35,9% á árinu 2022.

Afskriftir í A+B hlutum samtals á árinu 2023 voru 40,9 millj.kr. á móti 34,9 millj.kr. á árinu 2022.


Fjármagnsgjöld í A+B hlutum samtals á árinu 2023 voru 25,7 millj.kr. á móti 31,9 millj.kr. á árinu 2022.

Þannig að, eins og segir í bókun sveitarstjórnar frá fundi nr. 244, þá var rekstrarniðurstaða A og B hluta jákvæð um tæpar 107,0 millj.kr. á árinu 2023 og rekstrarniðurstaða A hluta jákvæð um rúmar 48 millj.kr. samkvæmt rekstrarreikningi.

Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2023 nam 1.034,0 millj.kr. samkvæmt efnahagsreikningi, var 901,9 í árslok 2022 og eigið fé A hluta nam 921,3 millj.kr., var 844,7 í árslok 2022.

Skuldahlutfall A+B hluta var í árslok 2023 47%, var 63% í árslok 2022 og skuldaviðmið í árslok 2023 var 19% sem er mjög lágt í öllum samanburði. Ljóst er að ef framkvæmdir við íþróttamannvirki fara af stað þá fer skuldahlutfall Dalabyggðar og skuldaviðmið upp en ekki á neinum tímavarki upp fyrir gildandi hámark sem er 150%, sjá hér myndrænt áætlun varðandi þróun skuldahlutfalls þegar lántaka vegna framkvæmda við íþróttamannvirki kemur til:

Skuldahlutfall



Miðað við núverandi stöðu á lánasafni Dalabyggðar þá eru afborganir vegna lánasafnsins, A+B hluti, svohljóðandi á næstu árum:


Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

	A hluti	A og B hluti
Árið 2024.....	25.504	35.530
Árið 2025.....	10.071	20.238
Árið 2026.....	8.839	16.738
Árið 2027.....	8.839	16.391
Árið 2028.....	8.839	16.003
Síðar	129.930	171.245
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	192.022	276.146

Af þessu má sjá að þungi afborgana vegna langtímaskulda hefur breyst verulega og gefur Dalabyggð auknið svigrúm til fjárfestinga þar með, sbr. áætlanir um uppbyggingu íþróttamannvirka sem gert er ráð fyrir að farið verði í samkvæmt fyrirliggjandi og samþykktum áætlunum sveitarstjórnar.

Á árinu 2023 gerði Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga athugasemd við það að í áætlun Dalabyggðar fyrir árið 2023 væri framlegð sú sem í áætlun ársins birtist of lág, þá 9,8%, en ætti lægst að vera 10,5% samkvæmt lágmarksviðmiðum nefndarinnar. Samkvæmt niðurstöðu ársreiknings 2023 og í fyrirbyggjandi áætlun fyrir komandi ár er þessi mælikvarði, sem og aðrir, í lagi og lítur áætlun vegna framlegðarhlutfalls út með eftirfarandi hætti:

Framlegðarhlutfall



Það má ljóst vera að daglegur rekstur A hluta samstæðu Dalabyggðar byggir á traustum grunni eins og hann er í dag þó viðkvæmur sé og þolmörk ekki mikil gagnvart óvæntum útgjöldum. Brugðist hefur verið við af festu gagnvart þeim þáttum sem nefndir voru við afgreiðslu ársreiknings Dalabyggðar fyrir árið 2022 hvað varðar B hluta stofnanir og má þar helst nefna rekstur Silfurtúns, Dalaveitna (ljósleiðarahluta) og félagslegs húsnæðis. Með þeim aðgerðum sem farið hefur verið í er búið að stöðva „blæðingu“ úr sjóðum Dalabyggðar um sem nemur allt að 45 millj.kr. árlega og treysta þannig rekstrargrundvöll sveitarsjóðs til framtíðar sem því nemur.

Þær aðgerðir og sá árangur sem hefur náðst í rekstri Dalabyggðar gerist ekki af sjálfu sér og vil ég hér þakka sveitarstjórn og starfsfólki Dalabyggðar fyrir samstarfið í kringum þær aðgerðir sem farið hefur verið í sem og fyrir gott samstarf það sem af er kjörtímabilsins.

Búðardal 11. apríl 2024

Björn Bjarki Þorsteinsson
sveitarstjóri